

Fræðsla um hæfniviðmið og prófagerð

Vinnustofa í Mýrarhúsaskóla, mánudaginn 11. nóvember 2013, kl. 14:30-16:00

Vinnustofa 1

Réttmæti og áreiðanleiki:

Rætt verður um hvernig megi nota námsmat til að bæta nám og kennslu og unnið með tvær meginspurningar varðandi gæði mælinga og prófa:

- Hvernig má tryggja sem mest réttmæti prófa? og
- Hvernig má auka áreiðanleika prófa?

Umræðupunktur frá hópum á vinnustofu:

Hvernig geta próf og mælingar bætt nám?

- Próf mæla stöðu nemenda þann dag sem prófin eru tekin – þau eru leiðbeinandi.
- Próf geta verið svipa til náms – geta verið hvetjandi.
- Augljós markmið bæði fyrir kennara og nemendur.
- Námsmat við hæfi – hjálpar nemendum að nýta styrkleika og bæta upp veikleika.
- Minni próf oft – hjálpa til við að fylgjast með stöðu nemenda – stöðupróf.
- Hjálpar nemendum að ná markmiðum sínum.
- Umbun fyrir að leggja sig fram.

Hvernig geta próf og mælingar bætt kennslu?

- Próf geta verið leiðbeinandi fyrir kennarann. Þau sýna mögulega hvernig best er að vinna með nemandann, t.d. hvað má bæta. Lokapróf eru síður leiðbeinandi.
- Ákveðin og skýr markmið sem nemendur stefna að.
- Sýnilegt skipulag fyrir nemendur.
- Skimanir – hægt að bregðast strax við og aðstoða nemandann. Kennarar geta mælt nemendur þar sem þeir eru staddir.
- Fjölbreytt próf – fjölbreyttir kennsluhættir, tengslin á milli styrkt.
- Gefur möguleika á að vinna með styrkleika nemenda.
- Niðurstöður prófa gefa kennara vísbendingu um hvort vel hafi tekist til í kennslunni.

Hvernig tryggjum við áreiðanleika prófa innan skóla/á milli skóla?

- Að kennarar innan sömu greinar í hverjum skóla semji og fari saman yfir próf.
- Að próf séu búin til eftir hæfniviðmiðum Aðalnámskrár.
- Að gætt sé að vægi prófatriða.
- Að einkunnadreifing sé eðlileg.
- Samvinna milli skóla (10. bekkur ísl/stæ/enska).
- Mismunandi gerðir spurninga.
- Sveigjanlegur próftími – að nemendur fái að ljúka prófi.
- Ekki skoða nöfn áður en yfirferð hefst, jafnvel skipta prófum árgags á milli kennara – dregur úr hlutlægni.
- Mæla aftur sömu atriði – jafnvel á annan hátt.
- Prófa skilning, ekki staðreyndir.

Hvernig tryggjum við tengsl náms og námsmats?

- Skýr markmið.
- Gátlistar.
- Kennarinn og nemandinn eru í sama liði og vilja ná sem bestum árangri.
- Kynna strax í upphafi fyrir nemendum hvernig námsmati verði háttað.
- Meta það sem kennt er.
- Sífelld endurskoðun, hvort samræmi er á milli.
- Fjölbreyttir kennsluhættir – fjölbreytt námsmat.
- Nemendur viti vægi prófs/prófatriða.
- Einkunn sé byggð á fjölbreyttu námsmati (ekki bara prófum).

Hvernig tryggjum við rekjanleika prófa?

- Uppbygging einkunnar í skólanámskrá/námsáætlunum/kennsluáætlunum.
- Verkefnabækur á Mentor (vægi þátta í lokaeinkunn).
- Kynna fyrir nemendum hvernig námsmati verði háttað og halda sig við þá þætti.
- Vera með gátlista við yfirferð prófa.
- Prófað sé úr aðalatriðum.

Gátlisti/viðmið við prófagerð – hvað einkennir gott próf?

- Skýr fyrirmæli.
- Spurningar vel orðaðar.
- Nemendur hvattir til að draga ályktanir.
- Fjölbreytni í spurningum.
- Láta nemendur hafa gátlista og gæta að því að prófið sé í samræmi við gátlistann.
- Gott úrtak atriða og gætt sé að vægi. Einnig mikilvægt að nemendur viti hvert vægi spurninga sé.
- Normaldreifing einkunna gefur góðar vísbendingar um hvort prófið sé gott mælitæki.
- Gæta að því að mæla úr markmiðum.
- Hæfileg lengd.
- Ekki spyrja um marga hluti í sömu spurningu.

Góðar og gagnlegar umræður sköpuðust í hópum og á milli hópa um þennan mikilvæga þátt náms og kennslu.

Rætt var um möguleikann á samvinnu milli skóla í þessum efnum og með hvaða hætti væri hægt að koma þeirri samvinnu af stað.

Hópurinn ræddi um að best væri að byrja innan sveitarfélaga (eða hverfa í stærri sveitarfélögum), t.d. með því að nota umræðuvef eða dropbox. Þetta var talið frekar vinnusparandi, óþarfi að hver skóli sé að finna upp hjóli. Á móti kom að nokkrir voru hræddir um að skólar myndu tapa sérstöðu sinni og skólaumhverfið yrði einsleitt, ef allir væru að fara eftir sömu hugmyndafræði.

Samantekt:

Kristjana Hrafnadóttir, umsjónarkennari í Mýrarhúsaskóla